

Nd.

208. Nefndarátt

um frumvarp til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um það, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta, að stofni þess til. En hún leggur það til, að því verði nokkuð breytt.

1. Fyrirsögn frv. sýnist óþarflega löng og þunglamaleg.
2. Nefndin telur einsætt, að óstefnd vitni fái sömu þóknun sem stefnd, og vill til örygðar taka það fram í frv. sjálfu.
3. Nefndin telur ferðakostnaðinn fullhótt settan, og vill því lækka hann nokkuð.
4. Nefndin telur rjett að taka það fram, að vitnið geti krafist þess, að vitnadómari ákveði þóknun, þegar er vitnið hefir int af hendi vitnaskyldu sína í því þinghaldi, og bóki í þingbókina þá ákvörðun.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:
Nú sækir maður dómþing, stefndur eða óstefndur, til þess að bera vitni, og ber honum þá 50 auru þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna þingsóknar, þó eigi meira en 6 krónur um sólarhring.
2. Við 2. gr.
Fyrir »5 km.« (á báðum stöðum) komi:
10 km.
Fyrir »2 km.« (á báðum stöðum) komi:
5 km.
3. 4. gr. orðist svo:
Vitnadómari ákveður þóknun handa vitni, þegar er það hefir int af hendi vitnaskyldu sína í því þinghaldi, og bókar ákvörðun sína þar um í þingbók.
4. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um þóknun til vitna.

Alþingi, 28. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
form. og framsm.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.

Einar Árnason.